



# ÍÞRÓTTABANDALAG HAFNARFJARÐAR

Alþingi  
Erindi nr. P 131/184  
komudagur 25.11.2004

## Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um íþróttáætlun

Til: Menntamálanefndar alþingis

Frá: Íþróttabandalagi Hafnarfjarðar

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar fagnar framkominni tillögu um íþróttáætlun. Þau atriði sem fram koma í tillögunni eru í samræmi við hugmyndir íþróttahreyfingarinnar í Hafnarfirði og getur tillagan ef hún nær fram að ganga orðið til góðs ef vel er á málum haldið. Atriðin sem minnst er á í greinargerðinni eru mjög mikilvæg og þurfa þeir aðilar sem koma til með að vinna þessa stefnu að taka tillit til allra þeirra atriða sem fram koma þar.

Þó langar okkur að hnykkja á nokkrum mikilvægum atriðum sem hægt er að hafa í huga við mótun stefnunar.

Íþróttahreyfingin hefur skapað sér stefnu á flestum sviðum íþróttamála og hefur unnið að því að framfylgja henni. Það sem stendur starfinu hins vegar fyrir þrifum er skortur á fjármagni, bæði til íþróttastarfsins og til uppbyggingar íþróttamannvirkja þó svo að ýmislegt hafi áunnist á síðustu árum.

Það er bláköld staðreynd að við Íslendingar eigum enga möguleika í samkeppni þjóða í íþróttum verði ekki betur hlúð að afreksíþróttum. Skattaúvilnanir til fyrirtækja sem styðja íþróttastarf og þá sérstaklega afreksíþróttirnar eru m.a. mjög vel til þess fallnar að blása lífi í afreksstarfið. Það er einnig bláköld staðreynd að verði íþróttahreyfingunni ekki gert kleift að byggja betur upp almenningsíþróttir í landinu mun heilsufari landsmanna hraka enn frekar en þegar er orðið og má svo fámenn þjóð ekki við því. Því þarf átak mjög víða í uppbyggingu mannvirkja þannig að aðgengi að íþróttum verði bætt.

Einnig er mjög mikilvægt að gera miklar kröfur um menntun á íþróttasviði því án þekkingar munum við ekki ná árangri með íþróttir sem þátt í forvörnum og ekki heldur í afreksíþróttum.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Grjetarsson formaður ÍBH  
Óskar Ármannsson framkvæmdastjóri ÍBH